

REGLUGERÐ

Um breytingu á reglugerð nr. 30, 4. apríl 1962,
fyrir Landsbanka Íslands.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Vextir skulu leggjast við höfuðstól minnst einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 11, 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 3. september 1980.

Tómas Árnason.

Pórhallur Ásgeirsson.

17. júlí 1980.

Nr. 505.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í raunvísindanámi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. júlí 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar
til styrktar stúdentum í raunvísindanámi.

Í samræmi við erfðaskrá hjónanna Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, dags. 31. 8. 1971, og viðbótarerfðaskrá Helgu Jónsdóttur, dags. 3. 7. 1974, stofna undirritaðir skiptaforstjórar í dánarbúi nefndra hjóna sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til styrktar stúdentum í raunvísindanámi.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnalitla stúdenta með góða námshæfileika, sem einkum leggja stund á raunvísindanám. Nettótekjum sjóðsins skal árlega varið í þessum tilgangi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 12.5% af nettósöluandvirði eignarhluta hjónanna í fyrirtækinu Silli & Valdi, reiðufé og skuldabréf. Stofnféð skal haldast óskert. Sjóðinn ber að ávaxta í vísitölutryggðum ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.